



AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR

Skipulags- og matslýsing

3. mars 2021



SUÐURNESJABÆR



VERKÍS

AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR

Skipulags- og matslýsing

Skipulagslýsing

Skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Matslýsing

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	i
1 Inngangur	3
1.1 Tildrög.....	3
1.2 Tilgangur og markmið verkefnisins.....	3
1.3 Afmörkun aðalskipulags.....	4
2 Staða skipulagsmála og lykilmælikvarðar.....	5
2.1 Greining á forsendum	5
2.2 Staða skipulagsmála	6
2.2.1 Svæðisskipulag	6
2.2.2 Aðalskipulag	6
2.2.3 Deiliskipulag og þróunaráætlanir	6
2.3 Tengsl við áætlanir stjórnvalda	7
2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
2.3.2 Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu	7
2.3.3 Svæðisáætlanir	9
2.5 Staðhættir og umhverfisaðstæður	10
2.5.1 Landslag og staðhættir	10
2.5.2 Lífríki	10
2.5.3 Jarðfræði	10
2.5.4 Veðurfar	11
2.6 Yfirlit yfir stöðu og þróun málaflokka	11
2.6.1 Sjálfbært og aðlaðandi samfélag.....	11
2.6.2 Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	14
2.6.3 Traustir og hagkvæmir innviðir	17
2.6.4 Vel menntað og heilbrigt samfélag.....	19
3 Viðfangsefni og áherslur við endurskoðun	22
3.1 Aðalskipulag og sjálfbær þróun.....	22
3.2 Virði skýrrar stefnu	23
3.3 Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur.....	23
3.4 Yfirlit yfir líklegar breytingar á stefnu í aðalskipulagi	24

4	Umhverfismat aðalskipulagsins.....	25
4.1	Matsskylda áætlunarinnar	25
4.2	Umhverfisþættir og áhrifaþættir.....	26
4.3	Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati	27
4.4	Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna	30
4.5	Stefnukostir	31
5	Skipulagsferlið	32
5.1	Tímaáætlun verkefnis	32
5.2	Ferlið við gerð aðalskipulagsins og áætlun um kynningu og samráð	33
6	Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð aðalskipulags.....	38
6.1	Bæjarstjórn og framkvæmda- og skipulagsráð	38
6.2	Verkefnisstjórn	38
6.3	Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila.....	38
6.4	Umsagnaraðilar	39
6.5	Upplýsingar til annarra aðila um skipulagsgerðina	39
	Tilvitnanir og heimildir	40

1 Inngangur

Hér er sett fram skipulags- og matslýsing fyrir nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar. Verkefnið er unnið á grundvelli skipulagslaga og laga um umhverfismat áætlana. Í skjalinu er lýst hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins með það að markmiði að gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.

1.1 Tildrög

Þann 10. júní 2018 tók til starfa sameinað sveitarfélag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs. Aðdragandi sameiningar sveitarfélaganna nær aftur til ársins 2016 þegar samþykkt var að hefja óformlega vinnu við könnun á kostum þess og ókostum að sveitarfélögin sameinuðust. Þann 11. nóvember 2017 kusu íbúar sveitarfélaganna um sameiningartillögu. Niðurstaða kosningarinnar voru að sameining sveitarfélaganna var samþykkt, bæði í Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Garði. Nýtt sveitarfélag tók til starfa þann 10. júní 2018 og fékk síðar nafnið Suðurnesjabær.

Á fundi framkvæmda- og skipulagsráðs 18. desember 2018 var samþykkt áætlun um verkferli fyrir gerð aðalskipulags sameinaðs sveitarfélags og var hún samþykkt á fundi bæjarstjórnar 9. janúar 2019. Um var að ræða hugmyndasamkeppni um framtíð Suðurnesjabæjar í tengslum við mótun nýs aðalskipulags. Í kjölfarið var valið teymi til að taka að sér að vinna að gerð nýs aðalskipulags fyrir Suðurnesjabæ.

1.2 Tilgangur og markmið verkefnisins

Tilgangurinn með gerð aðalskipulags Suðurnesjabæjar er að skapa heildstæða umgjörð um skipulagsmál svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir í skipulagsmálum. Markmiðið er að móta heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir nýtt sameinað sveitarfélag. Markmiðið er einnig að móta stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og stuðlar að lífsgæðum og

sjálfbærni daglegs lífs íbúa í Suðurnesjabæ. Með því að marka nýja stefnu um fyrirkomulag byggðar og framtíðarnotkun lands skapast vettvangur fyrir samvinnu og samstarfs meðal íbúa og hagsmunaaðila í hinu nýja sveitarfélagi.

Hvað er aðalskipulag

Aðalskipulag er *skipulagsáætlun* fyrir eitt sveitarfélag sem stýrir því hvar og hvernig við búum og störfum.

Í aðalskipulagi kemur fram *stefna* sveitarstjórnar um *landnotkun*, *byggðaþróun*, *byggðamynstur*, *samgöngu-* og *þjónustukerfi* og *umhverfismál* í sveitarfélaginu. Þar ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um *framtíðarnotkun* lands og *fyrirkomulag* byggðar.

Aðalskipulag markar stefnu til *a.m.k. tólf ára* og gerir grein fyrir *samhengi* skipulagsáætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulag er sett fram í *skipulagsgreinargerð* og á *skipulagsupprætti* og eftir atvikum á *bemauppráttum*.


Sjá nánar á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

1.3 Afmörkun aðalskipulags

Nýtt aðalskipulag tekur til alls lands innan marka Suðurnesjabæjar þ.e. til þéttbýlisins og dreifbýlisins, ef frá er talið svæði á Keflavíkurflugvelli þar sem gildir aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Suðurnesjabær er um 84 km² að stærð. Mörk sveitarfélagsins liggja að Reykjanesbæ.

Innan marka Suðurnesjabæjar eru í gildi *Aðalskipulag Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024*. Innan sveitarfélagamarka er einnig í gildi *Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030*.

Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag fyrir Suðurnesjabæ taki gildi árið 2022 og marki stefnu til tólf ára. Jafnframt falli úr gildi *Aðalskipulag Garðs 2013-2030* og *Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024*. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar er eftir sem áður í gildi.



2 Staða skipulagsmála og lykilmælikvarðar

Í kaflanum er gerð grein fyrir nálgun við greiningu forsenda og yfirlit yfir lykilmælikvarða og fyrirliggjandi stefnu Suðurnesjabæjar og stjórnvalda á landsvísu um landnotkun.

2.1 Greining á forsendum

Í upphafi vinnunnar er farið nánar yfir forsendur aðalskipulags og metið hvort þær hafi breyst. Einnig er metin reynslan af framfylgd gildandi aðalskipulaga, þ.e. aðalskipulag Garðs og aðalskipulag Sandgerðisbæjar. Við greiningu forsenda er m.a. litið til eftirfarandi:

- **Hafa efnahagslegar og samfélagslegar forsendur breyst?** Litið er til lýðfræðilegra þátta, svo sem íbúáþróunar, íbúasamsetningar og aldursdreifingar, en einnig til stöðu atvinnulífs.
- **Hvernig hefur almennt gengið að framfylgja aðalskipulaginu?** Reynslan af framfylgd aðalskipulags er metin, svo sem hvort það hafi reynst vera góð leiðsögn fyrir gerð deiliskipulags. Hafa uppbyggingaráform gengið eftir og eru áform um frekari uppbyggingu?
- **Hvaða áskoranir blasa við og hvernig á að takast á við þær?** Í loftlagsmálum eru augljósar áskoranir sem fjallað er um í aðalskipulaginu. Auk þess er tekið tillit til staðbundinna málefna, svo sem að skipulagið stuðli að samstarfi og samvinnu íbúa í nýju sveitarfélagi. Einnig að hið byggða umhverfi stuðli að lífsgæðum fólks, heilnæmu umhverfi og góðum skilyrðum til búsetu.
- **Hvernig samræmist aðalskipulagið öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu?** Hér er m.a. vísað til svæðisskipulags Suðurnesja sem er í endurskoðun, helstu áætlanir og stefnuskjöl stjórnvalda eru tilgreind í kafla 2.3. Einnig hefur landsskipulagsstefna tekið gildi frá gildistöku gildandi aðalskipulagsáætlana.

Samhliða greiningu á forsendum, eru greindir og metnir helstu stefnukostir sem koma til álita í aðalskipulagi, til að gefa yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Sjá nánar um umhverfismat áætlana í kafla 4.



Við Garðskagavita.

2.2 Staða skipulagsmála

2.2.1 Svæðisskipulag

Í gildi er *Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024* en það tekur til Suðurnesjabæjar, Reykjanesbæjar, Voga, Grindavíkurbæjar og Keflavíkurflugvallar. Svæðisskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og markar stefnu um helstu hagsmuni Suðurnesja sem snúa að landnotkun og þær aðgerðir sem aðilar að svæðisskipulaginu vinna eftir. Svæðisskipulagið markar stefnu um fimm málaflokka sem taldir eru mikilvægir fyrir hagsmuni og þróun Suðurnesja, þ.e. atvinna, auðlindir, veitur og samgöngur, flugvallasvæðið og samfélag.


Svæðisskipulagsnefnd starfar á Suðurnesjum, þ.e. fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagið Voga, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæsluna, sem fulltrúi Öryggissvæðis B, f.h. utanríkisráðherra. Svæðisskipulagsnefndin skal, sbr. starfsreglur nefndarinnar, sjá um gerð tillögu, framfylgd og breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja. Skipulagssvæði nefndarinnar tekur til marka þeirra sveitarfélaga sem þátt taka í nefndinni auk A og B svæðis Keflavíkurflugvallar (sbr. 2. gr. laga 176/2006). Nefndin samþykkti 24. mars 2020 að hefja vinnu við endurskoðun Svæðisskipulags Suðurnesja.

2.2.2 Aðalskipulag

Innan marka Suðurnesjabæjar eru í gildi *Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024* og *Aðalskipulag Garðs 2013-2030*. Innan sveitarfélagamarka er verulegur hluti af flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar og þar er í gildi *Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030*. Fyrir Keflavíkurflugvöll starfar skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem fer með skipulagsmál innan flugvallarsvæðisins, aðal- og deiliskipulagsgerð.

2.2.3 Deiliskipulag og þróunaráætlanir

Samkvæmt Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar eru um 28 deiliskipulagsáætlanir í gildi í Suðurnesjabæ, auk fjögurra deiliskipulagsáætlana á og við Keflavíkurflugvöll. Af þeim deiliskipulagsáætlunum sem eru á Keflavíkurflugvelli liggja þrjár yfir sveitarfélagsmörk við Reykjanesbæ.



Svæði Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar.¹

Í gildi er þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar til 2040. Í áætluninni er framtíðarsýn flugvallarins byggð á farþega- og umferðarspá til ársins 2040. Hún tekur á öllu skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar og nærumhverfis.

Kadeco þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefur umsjón með 55 ferkílómetra svæði við Keflavíkurflugvöll. Fyrirhuguð er samkeppni um þróunaráætlun fyrir svæðið til ársins 2050. Í samkeppninni er m.a. lögð rík áhersla að svæðið

þróist í takt við samfélagið og að við uppbyggingu verði horft til styrkleika Suðurnesja og Íslands. Markmiðið er að fá fram heildstæða þróunaráætlun sem leggur grunn að þróunarkjarna fyrir atvinnulíf og samfélag á Suðurnesjum og dregur fram markaðslega sérstöðu svæðisins

2.3 Tengsl við áætlanir stjórnvalda

Í vinnsluferli aðalskipulagsins verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál, skipulagsáætlanir og þróunaráætlanir aðliggjandi sveitarfélaga og stofnana. Hér að neðan er yfirlit yfir helstu áætlanir og stefnuskjöl sem varða aðalskipulagið.

2.3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Eitt viðfangsefni landsskipulagsstefnu snerta aðalskipulagið sérstaklega, þ.e. „búsetumynstur – dreifing byggðar“ eða stefna um skipulag þéttbýlis. Að einhverju marki varðar aðalskipulagið landsskipulagsstefnu um „skipulag í dreifbýli“ og „skipulag haf- og strandsvæða“.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að breytingu á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Vinna á nánari stefnumótun um skipulag byggðar og landnýtingu með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Einnig á að yfirfara gildandi stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða og sérstaklega á að líta til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við mótun stefnunnar í heild sinni.

2.3.2 Aðrar áætlanir stjórnvalda á landsvísu

Hér eru dæmi um áætlanir og stefnuskjöl á landsvísu sem varða sérstaklega gerð aðalskipulags Suðurnesjabæjar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið til að vinna að og eru

nánar útfærð í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Vogar, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa stofnað samstarfsverkefnið Suðurnesjavettvang, þar sem heimsmarkmiðin eru höfð að leiðarljósi. Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar er unnið sérstaklega með heimsmarkmið og áherslur sem Suðurnesjavettvangur hefur valið að vinna með.



Á Keflavíkurflugvelli.

*Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.*² Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Orkuskipti í samgöngum, breyttar ferðavenjur og átak í kolefnisbindingu eru meðal helstu áhersluatriða áætlunarinnar. Ný útgáfa aðgerðaáætlunar frá árinu 2020 skilgreinir enn frekari aðgerðir í loftslagsmálum sem stjórnvöld hyggjast hrinda í

framkvæmd. Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar er tekið mið af aðgerðaráætlun í loftlagsmálum og eftir því sem við á sett markmið sem styðja við áætlunina.

*Samgönguáætlun 2020-2034.*³ Í samgönguáætlun setja stjórnvöld fram stefnu og markmið fyrir allar greinar samgangna. Samgönguáætlun leggur m.a. áherslu á að auka öryggi í samgöngum, stytta vegalengdir milli byggða, efla atvinnusvæði á landinu öllu og markvissar aðgerðir til draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í samgönguáætlun er skilgreining á grunnneti samgangna þar sem tilgreindir eru flugvællir, hafnir og vegir í grunnnetinu. Áætlunin tengist aðalskipulaginu, svo sem hvað varðar Sandgerðishöfn, Garðskagaveg, Sandgerðisveg og Keflavíkurflugvöll.

Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun. Náttúruminjasrá⁴ er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Í Suðurnesjabæ eru svæði á náttúruminjasrá, þ.e. tillögur á B-hluta náttúruminjasrá.

*Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024.*⁵ Markmið byggðaáætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

*Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029*⁶ (*Landsáætlun um innviði*). Landsáætlun um innviði er stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í áætluninni er markmið sem talar til skipulagsgerðar, en í Suðurnesjabæ eru fjölfarnir áfangastaðir ferðamanna.

*Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.*⁷ Kerfisáætlun er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir m.a. á markmiðum raforkulaga um afhendingaröryggi og viðmiða í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfi raforku og lagningu raflína (þingsályktanir nr. 26/148 og 11/144). Í kerfisáætlun er gert ráð fyrir Suðurnesjalínu á milli Hamraness í Hafnarfirði og Fitja í Reykjanesbæ.

Lagning hennar er mikilvægt skref fyrir uppbyggingu atvinnulífs í Suðurnesjabæ en hefur ekki bein áhrif á skipulag í sveitarfélaginu.

Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022- 2027. Lögð hefur verið fram tillaga að fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd.⁸ Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land. Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga nr. 36/2011, um stjórn vatnamála, en áætlunin hefur ekki tekið gildi.



Við Garðskagaveg.

2.3.3 Svæðisáætlanir

*Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024.*⁹ Sóknaráætlun er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Ráðstöfun fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggja á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans. Svæði sóknaráætlunar Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin Grindavíkurbæ, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Hún tekur til fjögurra málaflokka, þ.e. atvinnu og nýsköpunar, menningar, velferðar og samfélags og umhverfis.

*Áfangsstaðurinn Reykjanes 2018-2021; Þróun ferðamála í sátt við náttúru og samfélag.*¹⁰ Í áætluninni er stöðugreining, stefnumótun, framtíðarsýn, markmiðasetning og aðgerðaáætlun fyrir tilgreinda áfangastaði eða svæði á Suðurnesjum. Tilgangur áætlunarinnar er að skerpa á hlutverki og ábyrgð þeirra sem koma að ferðamála á svæðinu auk þess sem henni er ætlað að vera verkfæri til að fylgja eftir stefnumótun fyrir áfangastaðinn og móta stefnu um markaðssetningu, uppbyggingu áningastaða, útivist, vörubróun, fræðslu, aðra starfsemi og verndun. Stefna og aðgerðaáætlun áfangastaðaáætlunar tekur til Suðurnesjabæjar, svo sem uppbyggingu innviða. Áfangastaðaáætlun tekur mið af áherslusvæðum uppbyggingar í Reykjanes Geopark. Garðskagi er meðal fjölförnustu ferðamannastaða á Suðurnesjum.

Reykjanes Geopark. Tilgangur Reykjanes jarðvangs er að vernda og nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingu byggðarinnar. Þróuð verði jarðtengd ferðamennska á svæðinu sem byggir á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og náttúru, og útivist. Stofnendur jarðvangsins eru sveitarfélögin á Suðurnesjum auk fyrirtækja á Suðurnesjum.¹¹

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020. Suðurnesjabær er aðili að áætluninni sem tekur til starfssvæðis fjögurra sorpsamlaga og sveitarfélaga á suðvesturhluta landsins.



Keflavíkurlugvöllur og Sandgerði í baksýn.

2.5 Staðhættir og umhverfisaðstæður

2.5.1 Landslag og staðhættir

Sveitarfélagið Suðurnesjabær tekur til lands á Miðnesi sem afmarkast af Helguvík, Selvík, Keflavíkurflugvelli og Ósaboðnum í suðri. Sveitarfélagið einkennist af grónu landi á láglandi norðan til en melum og sandlendi sunnan til, þ.e. vestan Keflavíkurflugvallar. Land við ströndina stendur almennt séð lágt, einkum frá Garði, norður fyrir Garðskaga og suður með ströndinni að Ósaboðnum. Tveir þéttbýlisstaðir eru í Suðurnesjabæ, Sandgerði og Garður og þar býr megin þorri íbúa sveitarfélagsins.


2.5.2 Lífríki

Í Suðurnesjabæ eru strandsvæði á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts strandgróðurs, einstaks og auðugs fuglalífs, margbreytilegra fjörugerða og auðugs lífríkis. Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið 12,9 km² og afmarkast af strönd og tjörnum frá Ósaboðnum og norður fyrir Garðskaga og að Garðshöfn. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og þar er fjölbreytt fuglalíf árið í kring. Á fartíma á vorin eru stórir hópar vaðfugla í fjörum og hefur sanderla náð alþjóðlegum verndarviðmiðum, en henni hefur fækkað á þessum slóðum á síðari árum. Svæðið er einnig alþjóðlega mikilvægt fyrir æðarvarp og straumendur og sendlinga á vetrum.¹²

Á landi, þ.e. á Miðnesi og svæði austan Keflavíkurflugvallar að Ósi (Rosmhvalanes) er sílamáfsvarp.¹³

2.5.3 Jarðfræði

Berggrunnur svæðisins er grágrýti, þ.e. basísk og ísúr hraunlög og setlög frá síðari hluta ísaldar, yngri en 0,8 milljón ára. Hraunin einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.¹⁴




Skýringar
Náttúruminjaskrá
Þéttbýli

2.5.4 Veðurfar

Veðurathuganir í Suðurnesjabæ er á Keflavíkurflugvelli og við Garðskagavita. Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands er ársúrcoma á Keflavíkurflugvelli á bilinu 697 – 1325 mm á árunum 2000 til 2020. Mesta sólarhringsúrcoma á því tímabili er 49 mm. Suðaustan-, austan og sunnanáttir eru algengastar og þeim fylgir úrkoma. Norðan- og norðaustanáttir eru einnig tíðar og þeim fylgir þurr veður. Þar sem Miðnesið er láglent og lítið um mishæðir á landi, er dreifing vindálags nokkuð jöfn eftir áttum. Veðurfar í Suðurnesjabæ mótast mjög af hlýjum sjónum úti fyrir og meðalhiti ársins er því tiltölulega hár.

Nánari greining verður gerð á veðurfari í tengslum við útfærslu vinnslutillögu aðalskipulagsins, svo sem með tillit til staðbundinna skilyrða og nærveðurs í þéttbýlinu.



Meðalúrcoma ársins 1971-2000 á landinu.¹⁵

2.6 Yfirlit yfir stöðu og þróun málaflokka

Í kaflanum er stutt yfirlit yfir stöðu og þróun megin málaflokka aðalskipulagsins og nefnd dæmi um gildandi stefnu sveitarfélagsins og stefnu á landsvísi. Málaflokkar taka mið af áherslum Samráðsvettvangs sveitarfélaga á Suðurnesjum, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem heimsmarkmiðin eru höfð að leiðarljósi.

2.6.1 Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

Loftslagsbreytingar

Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnar Íslands. Í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* hafa stjórnvöld skilgreint fjölmargar aðgerðir í málaflokknum, en tvö helstu áhersluatriðin eru orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu.¹⁶ Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig ákveðið að vinna tillögu að viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu þar sem m.a. verður sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig bæta megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi.¹⁷

Aðgerðir í skipulagsgerð geta m.a. falið í sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu þeirra. Einnig aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum, svo sem vegna sjávarflóðahættu.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur stofnað Samráðsvettvang um samvinnu um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum.


Byggð í Suðurnesjabæ

Í Suðurnesjabæ eru tveir þéttbýlisstaðir, þ.e. Sandgerði og Garður og þar býr megin þorri íbúa sveitarfélagsins. Í sveitarfélaginu er einnig byggð í dreifbýli, en hún er fyrst og fremst bundin við ströndina á vestanverðu Miðnesi, sbr. meðfylgjandi kort sem byggir á gögnum Landmælinga Íslands (á kortinu eru þó ekki talin öll íbúðar- og frístundahús á svæðinu).

Íbúar og íbúaþróun


Í gagnagrunni Hagstofu Íslands er að finna margs konar upplýsingar um íbúa og íbúaþróun í Suðurnesjabæ, m.a. um fjölda og samsetningu. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar bjuggu alls um 3.650 íbúar í sveitarfélaginu í lok árs 2020 (lok 4. ársfjórðungs 2020) og þar af um 20% erlendir ríkisborgarar. Í ársbyrjun 2020 (1. janúar) voru íbúar í Suðurnesjabæ alls 3588, þ.e. 1666 konur og 1922 karlar.

Í byrjun árs 2010 bjuggu 3225 íbúar í Suðurnesjabæ (þá Sandgerðisbær og Sveitarfélagið Garður). Íbúum í sveitarfélaginu fækkaði í kjölfar bankahrunsins en frá árinu 2016 hefur þeim fjölgað um 20%. Við gerð aðalskipulagsins og endurskoðun húsnæðisáætlunar er áformað að greina nánar samsetningu íbúa, svo sem aldursamsetningu.



Skýringar

- Íbúðarhús
- Frístundahús
- Þéttbýli




Fjöldi íbúa í Suðurnesjabæ í 1. janúar hvers árs.¹⁸

Nærþjónusta, ferðatími og sjálfbærni daglegs lífs íbúa

Mikilvægur þáttur í sjálfbærni byggðar er að tengja íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og atvinnustarfsemi í þágu sjálfbærni daglegs lífs, lýðheilsu og aukinna lífsgæða. Samkvæmt athugun á korti er verulegur hluti íbúða/íbúðarhúsa í Garði og Sandgerði í 10 mínútna göngufjarlægð (750 m) frá matvöruverslun og grunnskóla. Meginþorri íbúða á báðum stöðum er innan 20 mínútna göngufjarlægð (1500 m) frá matvöruverslun og grunnskóla. Þörf er á nánari greiningu á göngu- eða hjólaþjálægð innan þéttbýlis og greina aðra þætti í umhverfi þéttbýlisstaðanna sem hafa áhrif á gönguhæfi byggðar. Þar koma til álita þættir eins og gæði umhverfis, gróður og öryggismál.

Verndarsvæði í byggð

Suðurnesjabær hefur unnið að verndun byggðar skv. lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016.



Afmörkun tillögu Suðurnesjabæjar um verndarsvæði í byggð, Útgarður í Garði.¹⁹

Annars vegar er það svæðið í Garði, frá Útskálum að Skagatá í Útgarði.²⁰ Hins vegar er það svæðið í Sandgerði, Krókskotstún – Landakotstún.²¹ Verndaráætlun fyrir Krókskotstún og Landakotstún hefur hlotið staðfestingu ráðherra. Tillaga að verndaráætlun fyrir Útgarð hefur ekki verið staðfest. Markmið laga um verndarsvæði í byggð er að stuðla að vernd og varðveislu

byggðar sem hefur sögulegt gildi. Lögin gilda um byggð innan þéttbýlis og byggðakjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.



Afmörkun verndarsvæðis í byggð, Krókskotstún – Landakotstún í Sandgerði.²²

Gildandi stefna

Samráðsvettvangur, þ.e. samvinna um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum hefur valið þrjú heimsmarkmið til að vinna með sem grunnstoðir fyrir „Sjálfbært og aðlaðandi samfélag“. Það eru „Líf í vatni“, „Aðgerðir í loftslagsmálum“ og „Líf á landi“. Meðal áhersla og hugmynda Samráðsvettvangs vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna eru loftslagsmálin og mikilvægi hringrásarhagkerfisins, endurnýtingu og endurvinnslu, vinnsla lífræns úrgangs, moltuvinnsla o.fl.. Einnig að skoða áhrif loftlagsbreytinga á

landið sjálft, innviði, landrof og auka skógrækt. Auk þess að tryggja heilnæmi vatns og bæta fráveitu.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 markar stefnu um skipulag í þéttbýli og á haf- og strandsvæðum. Þar er m.a. áhersla á að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislun sérstæðrar náttúru og landslagi og öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftlagsbreytingum.

Í gildandi *Aðalskipulagi Garðs 2013-2030* er m.a. leiðarljós um að í sveitarfélaginu verði eftirsóknarvert að búa, í öruggu umhverfi sem rúmar aðstæður fyrir margvíslegar bætur sem snúa að samfélagsþáttum. Aðgerðir sem stuðla að lífsgæðum íbúa verði skilgreindar og mörkuð stefna um samfélagsþjónustu og umgjörð hennar, þannig að þjónustan geti þróast á æskilegan máta. Í *Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024* er einnig leiðarljós að leggja áherslu á auðugt mannlíf, fjölskyldu- og barnvænt samfélag, þar sem gangandi vegfarendur komast leiðar sinnar á auðveldan og öruggan hátt.

2.6.2 Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

Vægi atvinnugreina og störf

Í gögnum Hagstofunnar eru ekki upplýsingar um atvinnuþátttöku og fjölda starfa eftir starfsgreinum í Suðurnesjabæ. Í gögnum Vinnuálastofnunar eru upplýsingar um atvinnuleysi í einstökum sveitarfélögum. Samkvæmt gögnum Vinnuálastofnunar var óverulegt atvinnuleysi í Suðurnesjabæ frá ársbyrjun 2018 og fram á mitt sama ár. Eftir það fer atvinnuleysi vaxandi fram í byrjun árs 2020, en í lok árs voru atvinnulausir 335 sem samsvarar til rúmlega 16% af áætluðu vinnuafli á vinnumarkaði. Þessa aukningu á árinu 2020 má rekja til Covid 19 farsóttarinnar.

Eitt af markmiðum *Sóknaráætlunar Suðurnesja 2020-2024* um atvinnu og nýsköpun er að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 5% og auka hlutdeild skapandi greina og hátækni í veltu atvinnulífs um 20%.



Áætlað atvinnuleysi í Suðurnesjabæ, þ.e. atvinnulausir sem hlutfall af áætluðu vinnuafli á vinnumarkaði.²³

Keflavíkurflugvöllur


Undanfarin ár og áratugi hafa umsvif á Keflavíkurflugvelli og tengdum greinum orðið mikilvægasti þátturinn í atvinnulífi Suðurnesjabæjar, sbr. greiningu Byggðastofnunar á atvinnulífi á Suðurnesjum. Áform eru um frekari atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu sbr. fyrirhugaða samkeppni um þróun svæðisins til ársins 2050 á vegum Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Í Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 er einnig áhersla á að markaðssetja áfangastaðinn enn frekar, m.a. fyrir minni skemmtiferðaskip og skiptifarþega um Keflavíkurflugvöll.

Verslun og þjónusta

Í Garði og Sandgerði eru dagvöruverslanir, bensínstöðvar, auk veitingastaða. Á Keflavíkurflugvelli, þ.e. í Leifsstöð er rekin fjölbreytt flóra verslana, s.s. sérverslanir, lyfjaverslanir, auk veitingastaða.

Ferðaþjónusta

Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu í Suðurnesjabæ þar sem helsta gáttin inn í landið er í gegnum Keflavíkurflugvöll. Gisti- og veitingaþjónusta og tjaldsvæði eru í Sandgerði og Garði. Auk þess er gisti- og veitingaþjónusta á og við Keflavíkurflugvöll. Í Suðurnesjabæ eru tjaldsvæði í.þ.m. á þremur stöðum, þ.e. við Garðskagavita og Íþróttamiðstöð í Garði og við Byggðaveg í Sandgerði.



Fjöldi gistinguátta á Suðurnesjum samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.²⁴

Í gögnum Hagstofu Íslands eru tölur um gistinguætur ekki sundurgreindar eftir sveitarfélögum en aðgengilegar eru upplýsingar um gistinguætur fyrir Suðurnes í heild.

Í Áfangastaðaáætlun Reykjaness er markmiðið að byggja upp og þróa sjálfbæran gæðaáfangastað með öflugri ferðaþjónustu og náttúruperlum sem börnin okkar geta verið stolt af. Unnið skal út frá styrkleikum svæðisins

til að byggja upp og þróa annars vegar gæða áfangastaðinn Reykjanes og hins vegar þjónustu við alþjóðaflugvöllinn.

Sjávarútvegur

Fiskveiðar og vinnsla fiskafurða hefur lengi verið umfangsmikil atvinnugrein í Suðurnesjabæ. Gögn um landaðan afla í Sandgerði eru á vef Hagstofu Íslands. Samkvæmt Hagstofunni var landaður heildar afli (allar tegundir) í Sandgerðishöfn 25.539 tonn árið 2000 og þar af var þorskur 2.686 tonn (allar löndunartegundir). Árið 2019 var landaður afli alls 4.104 og þar af þorskur 2.574 tonn (allar löndunartegundir).



Sandgerðishöfn.

Gildandi stefna

Samráðsvettvangur, þ.e. samvinna um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum hefur valið þrjú heimsmarkmið til að vinna með sem grunnstoðir fyrir „Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf“. Það eru „Góð atvinna og hagvöxtur“, „Nýsköpun og uppbygging“ og „Ábyrg neysla og framleiðsla“.

Meðal áhersla og hugmynda Samráðsvettvangs vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna er atvinnuuppbygging á vegum Kadeco þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Einnig innleiðing á hringrásarhagkerfi fyrir Suðurnes í heild, áhersla á græna orku og hugmyndir um Eco-Industrial Park. Auk þess voru áherslur um vistvænar samgöngur, svo sem frá flugvöllinum og tengingu við Borgarlínuna.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 leggur m.a. áherslu á samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf og ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi. Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Leiðarljós *Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024* um atvinnu: „Öflugt atvinnulíf og fjölbreytt framboð starfa er forsenda blómlegrar byggðar og aukinna lífsgæða íbúanna. Suðurnesin verði eitt atvinnusvæði og samkeppnishæfni þess styrkt með áherslu á sterka innviði og gott aðgengi að auðlindum ásamt virkjun atvinnumöguleika sem tengjast alþjóðlegum flugvelli, umferð um þetta helsta hlið landsins að umheiminum og sjávarútvegi.“

Í gildandi aðalskipulagsáætlunum er rík áhersla á uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar segir m.a. „Samfélagið nær ekki að vaxa og dafna án atvinnutækifæra og því er í aðalskipulaginu gefið svigrúm til atvinnuuppbyggingar í tengslum við sjávarútveg, alþjóðlegan flugvöll og þau fjölmörgu tækifæri til uppbyggingar sem leynast á Suðurnesjum“. Í aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs segir einnig „Ein af megin forsendum þessara skipulagsáætlana er samvinna og framtíðarsýn um atvinnumál, nýtingu auðlinda, afmörkun byggingarsvæða og samvinna um samfélagsþjónustu.“

2.6.3 Traustir og hagkvæmir innviðir

Vegir

Í vegaskrá er yfirlit yfir helstu þjóðvegi í Suðurnesjabæ. Reykjanesbraut (41) er stofnvegur frá sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ og að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Garðskagavegur (45) er stofnvegur frá Reykjanesbraut og frá sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ í Garð og í Sandgerði. Sandgerðisvegur (429) er einnig stofnvegur frá Reykjanesbraut í Sandgerði. Auk þess er Miðnesheiðarvegur (423) leggur milli Sandgerðisvegur og Garðskagavegar. Einn tengivegur er í Suðurnesjabæ, þ.e. Garðskagavegur (45) frá Sandgerði um Stafnes og yfir mörk við Reykjanesbæ í Hafnarveg.


Í Suðurnesjabæ eru 14 héraðsvegir, þ.e. Hólabrekkuvegur (4111), Ásgarðsvegur (4116), Hafurbjarnarstaðavegur (4121), Þóroddsstaðavegur (4126), Arnarhólsvetur (4131), Norður-Flankastaðavegur (4136), Klapparvegur (4141), Flankastaðavegur (4146), Setbergsvegur (4156), Lyngselsvegur (4161), Norðurkotsvegur (4166), Hvalsnesvegur (4181), Nýlenduvegur (4186) og Stafnesvegur (4187).

Almenningsamgöngur

Strætó gengur um Suðurnesjabæ, en leið 89 gengur til og frá Suðurnesjabæ í gegnum báða þéttbýlisstaðina, Garð og Sandgerði með tengingu við m.a. leiðir 55 og 88 til Keflavíkur og Reykjavíkur. Einnig gengur strætó að Leifstöð.

Umferðaröryggi

Í Suðurnesjabæ er í gildi umferðaröryggisáætlanir fyrir Sandgerði og Garð. Markmið með gerð áætlunarinnar er að auka vitund um umferðaröryggismál, auk þess að leggja fram tillögur til úrbóta og forgangsraða verkefnum á sviði umhverfisöryggismála. Við gerð umferðaröryggisáætlana er lögð áhersla á að rödd allra fái að heyrast og að hagsmunir allra vegfarendahópa séu teknir með. Áætlað er að umferðaröryggisáætlunin verði endurnýjuð á fjögurra ára fresti.



Skýringar

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Héraðsvegur
- Landsvegur

Reiðleiðir

Reiðleiðir sem tengjast neti reiðstíga á Suðurnesjum eru sýndar á sveitarfélagsuppráttum í gildandi aðalskipulagsáætlunum.

Sjóvarnir

Í gildandi aðalskipulagi Sandgerðisbæjar eru m.a. markmið um að takmarka uppbyggingu á viðkvæmri strandlengjunni og á lágsvæðum sem skilgreind hafa verið í samráði við Vegagerðina (áður Siglingastofnun). Auk þess eru svæði þar sem er flóðahætta merkt á skipulagsupprátt. Frá þeim tíma sem aðalskipulagið var í mótnun hefur orðið til ný þekking á sjávarflóðum, áhrif hnattrænnar hlýnunar á hækkun sjávarstöðu, auk landhæðabreytinga vegna jarðskorpuhreyfinga. Árið 2018 gaf Vegagerðin út skýrsluna „Lágsvæði, viðmiðunarreglur fyrir landhæð“. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um sjávarhæðir og innbyrðis afstöðu lands og sjávar og viðmiðunarreglur til ákvörðunar á lágmarkslandhæð á byggðum svæðum upp við ströndina.²⁵ Vegagerðin og Suðurnesjabær vinna nú að að greiningu á þörf fyrir frekari uppbyggingu sjóvarna og annarra viðbragða við flóðahættu í sveitarfélaginu.

Veitur

Í Suðurnesjabæ er rafmagns- og hitaveitudreifikerfið í eigu og rekstri á vegum HS veitna. Fyrirtækið á einnig dreifikerfi á fersku vatni í Garði, en Suðurnesjabær á dreifikerfið í Sandgerði.

Suðurnesjabær fær neysluvatn úr sameiginlegu vatnstökusvæði fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum í Lágum í Grindavík. Í gildandi aðalskipulagi Sandgerðisbæjar er landsvæði skilgreint sem vatnsverndarsvæði.

Þjónustumiðstöð Suðurnesjabæjar

Þjónustumiðstöð Suðurnesjabæjar sinnir margvíslegum verkefnum sem snúa að þjónustu við íbúa og stofnanir bæjarins. Það getur t.d. átt við um viðhald á vegum bæjarins ásamt því að sjá um hálfuvarnir og snjómokstur á götum og göngustígum innan samgangnakerfisins. Einnig að aðstoða

vinnuskóla, sjá um umhirðu og fegrun útivistarsvæða og lóða. Þjónustumiðstöðvar eru staðsettar í Garði og Sandgerði.



Í Garði.

Íbúðir og húsnæðismál

Í gögnum Hagstofu Íslands, Þjóðskrár Íslands, *Húsnæðisáætlun Sandgerðis 2017-2025* og *Húsnæðisáætlun Garðs 2017-2025* eru margs konar upplýsingar um stöðu húsnæðismála í Suðurnesjabæ. Ný húsnæðisáætlun fyrir Suðurnesjabæ er í vinnslu. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár Íslands voru alls 1202 íbúðir í sveitarfélaginu í árslok 2019. Í árslok 2010 voru alls 1139 íbúðir í sveitarfélaginu og hefur íbúðum því fjölgað um tæplega 6% frá þeim tíma til loka árs 2019. Samkvæmt gögnum Þjóðskrár var í árslok 2019 um 82% íbúða í einbýli, um 8% í tvíbýli og um 8% íbúða er í húsum með fleiri en þrjár íbúðir. 18 íbúðir eru skráðar sem íbúðir í húsnæði sem ekki er íbúðarhúsnæði.

Í gildandi húsnæðisáætlunum, *Húsnæðisáætlun Sandgerðis 2017-2025* og *Húsnæðisáætlun Garðs 2017-2025* er gerð grein fyrir því hvaða eiginleika íbúðarhúsnæðið eigi að hafa þegar litið er til húsnæðisgerðar og

herbergjafjölda í íbúðum og það byggir á fjölskyldustærðum. Það kemur fram að hafa ætti í huga að fimmtungur til helmingur nýrra íbúða geti verið byggðar á grundvelli laga um almennar íbúðir, með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélagi. Með hliðsjón af byggðamynstri á svæðinu ætti um helmingur nýrra íbúða að koma til í litlu sérbýli, einbýlis- eða raðhúsum. Huga þarf að því að koma fyrir minni íbúðunum og einhverjum þeirra stærri í fjölbýlishúsum.



Í Sandgerði.

Gildandi stefna

Samráðsvettvangur, þ.e. samvinna um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum hefur valið þrjú heimsmarkmið til að vinna með sem grunnstoðir fyrir „Trausta og hagkvæma innviði“. Það eru „Sjálfbær orka“, „Hreint vatn og hreinlætisaðstaða“ og „Sjálfbærar borgir og samfélög“. Meðal áhersla og hugmynda Samráðsvettvangs vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna eru húsnæðismálin, græn svæði og umhverfi sem

hvetur til hreyfingar. Einnig orkuskipti í samgöngum, þar með töldu fluginu og að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Innviðir ferðaþjónustunnar svo sem salernisaðstaða. Veitur og innviði vatnsverndar og gæði vatns. Áhersla á græna hagkerfið og að virkja tækifæri í hringrásarhagkerfinu.

Leiðarljós Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks. Landsskipulagsstefna markar m.a. stefnu um skipulag í dreifbýli og þéttbýli og þar er m.a. áhersla á sjálfbæra byggð, heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðapróun. Skipulag byggðar stuðli að samkeppnishæfni og þoli samfélags gegn umhverfis- og samfélagsbreytingum. Landsskipulagsstefna leggur einnig áherslu á að skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.

Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 markar m.a. stefnu um veitur og samgöngur, en leiðarljósið er eftirfarandi: „Tryggt verði öruggt aðgengi að neysluvatni á Suðurnesjum. Sú sérstaða og þau samlegðaráhrif sem felast í staðsetningu alþjóðlegs flugvallar, hafna, stofnbrauta og höfuðborgarsvæðisins verði styrkt með því að tryggja eins góðar samgöngur og völ er á. Öryggi, greiðfærni og fjölbreytni í samgöngum og ferðamáta verði höfð að leiðarljósi. Vistvænar samgöngur fái aukið vægi og verði raunhæfur kostur á milli sveitarfélaganna og til höfuðborgarsvæðisins.“

2.6.4 Vel menntað og heilbriggt samfélag

Menntastofnanir

Í Suðurnesjabæ starfa tveir leikskólar, Sólborg við Sólheima í Sandgerði og Gefnarborg við Sunnubraut í Garði. Þeir eru sjálfstætt starfandi og njóta styrkja frá sveitarfélaginu. Í Suðurnesjabæ eru tveir grunnskólar, Gerðaskóli og Sandgerðisskóli.

Í Suðurnesjabæ eru tveir tónlistarskólar, Tónlistarskóli Sandgerðis og Tónlistarskólinn í Garði. Skólarnir bjóða báðir uppá fjölbreytt nám fyrir nemendur á öllum aldri.

Í Reykjanesbæ er rekinn framhaldsskóli, þ.e. Fjölbautaskóli Suðurnesja og þar er einnig Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Á Ásbrú í Reykjanesbæ er Keilir og þar er rekin háskólabrú, flugakademaía, íþróttakademaía og stútendabrautir (framhaldsskólanám). Í Grindavík er rekinn Fisktækniskóli Íslands.

Söfn, safnastarfsemi og þekkingarsetur

Byggðasafn er á Garðskaga og safnið er alhliða byggða- og sjóminjasafn. Náttúrustofa Suðvesturlands er staðsett á Garðvegi 1 í Sandgerði, en hún er í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Bókasafn er í Sandgerði og Garði. Þekkingarsetur Suðurnesja er starfrækt í Sandgerði og starfar á þekkingargrunni Fræðaseturs í Sandgerði, Botndýrastöðvarinnar, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands.

Heilsueflandi samfélag

Suðurnesjabær er aðili að Heilsueflandi samfélagi, þ.e. verkefni á vegum Embættis landlæknis sem leggur m.a. áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun. Verkefnið tekur jafnt til hins manngerða og félagslega umhverfis. Með innleiðingu Heilsueflandi samfélags vinnur Suðurnesjabær einnig m.a. að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Menningarminjar

Hugtakið menningarminjar er skilgreint í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar“. Við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að gera grein fyrir friðuðum og friðlýstum húsum og minjum, vinna að skráningu menningarminja í samráði við

Minjastofnun og marka eftir atvikum stefnu um verndun svæða eða einstakra húsa eða minja.

Í gildandi aðalskipulagsáætlunum er gerð grein fyrir friðlýstum fornminjum, sem eru Básendakaupstaðarleifar austan Stafness, Lögrétta, forn hringur í Stafnestúni norðan bæjar og bærinn Skálareykir og Skagagarðurinn. Kirkjustaðurinn Útskálar, Garðskagaviti eldri, hlaðin tóft íshúss sem íslensk-færeyska félagið lét reisa skammt ofan flæðarmáls í Fúlu, Tjarnargata 7, Gamla Sandgerði, Efri Flankastaðir og Hvalsneskirkja. Á Minjaskrá Minjastofnunar eru upplýsingar um menningarminjar en auk þess liggja fyrir tvær húsakannanir, þ.e. „Byggða- og húsakönnun við Skagabraut og lðngarða febrúar 2018“ og „Sandgerðisbær Byggða- og húsakönnun september 2018“.

Sögu- og náttúrustaðir

Í Suðurnesjabæ eru fjölmargir áhugaverðir staðir sem vinsælt er að heimsækja. Dæmi um það er Garðskagi, einstök náttúruperla þar sem hægt er að njóta einstaks útsýnis og fuglalífs. Annað dæmi er Hvalsneskirkja sem byggð var árið 1887 úr tilhöggnum steini. Hallgrímur Pétursson, eitt mesta sálmaskáld Íslendinga, þjónaði m.a. í Hvalsnessókn.

Í Suðurnesjabæ er net gönguleiða og t.d. hægt að ganga á milli þéttbýlisstaðanna í Garði og Sandgerði. Nýr upplýstur og malbikaður göngustígur er þar á milli og hefur hann verið vel nýttur af íbúum og gestum.

Velferðarþjónusta

Suðurnesjabær og Vogar mynda saman eitt félagsþjónustusvæði þar sem íbúum sveitarfélaganna er veitt félagsþjónusta sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það felst m.a. í ráðgjöf um félagsleg réttindamál og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Félagþjónustan veitir einnig þjónustu á sviði málefna barna og ungmenna, aldraðra og fólks með fötlun eins og nánar er tilgreint í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Gildandi stefna

Samráðsvettvangur, þ.e. samvinna um heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna á Suðurnesjum hefur valið þrjú heimsmarkmið til að vinna með sem grunnstoðir fyrir „Vel menntað og heilbrigt samfélag“. Það eru „Menntun fyrir alla“, „Heilsa og vellíðan“ og „Engin fátækt“. Meðal áhersla og hugmynda Samráðsvettvangs vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna er aukin kennsla í sjálfbærni og að auka vitund um umhverfismál. Áhersla er á sjálfbærnihugsun í grunnskólum, mennta börn í hringrásarhugsuninni. Tillaga er um „Alþjóðlegan umhverfisháskóla“ í Keili með tengingu við Geopark og sjálfbæra orku. Einnig er áhersla á lýðheilsu, geðheilsu og forvarnir í tengslum við það. Dæmi um það væri að tengja saman hjóla- og göngustíga frá öllum sveitarfélögum og við flugstöðina. Húsnæðismál og aðgengi fyrir alla eru talin mikilvæg atriði í tengslum við hagsæld og jöfnuð íbúa og hægt að vinna með það í skipulagi og húsnæðisáætlun.

Landsskipulagsstefna leggur m.a. áherslu á að varðveita sérstæða náttúru, menningu og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Í skipulagi verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.




Hvalsneskirkja.

3 Viðfangsefni og áherslur við endurskoðun

Í kaflanum er gerð grein fyrir viðfangsefnum aðalskipulagsins og áherslum bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar inn í endurskoðun aðalskipulaganna.

3.1 Aðalskipulag og sjálfbær þróun

Við gerð aðalskipulags er áhersla á að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun sbr. markmið skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu. Við mótun vinnslutillögu aðalskipulagsins verður unnið með allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. samfélag, umhverfi og efnahag. Umhverfismati verður beitt til að tryggja að aðalskipulagið stuðli að sjálfbærri þróun og hafi sem jákvæðust umhverfisáhrif.



Við vinnslu aðalskipulagsins er eftir því sem kostur er unnið með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Við gerð aðalskipulagsins er tekið mið af áherslum Samráðsvettvangs sveitarfélaga á Suðurnesjum, Isavia, Kadeco

og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem heimsmarkmiðin eru höfð að leiðarljósi.

Viðfangsefni og efnistöð aðalskipulags

Samkvæmt skipulagsreglugerð skal gera grein fyrir og marka stefnu um neðangreind málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun, eftir því sem við á.

- ✓ Athafna- og iðnaðarstarfsemi
- ✓ Blöndun byggðar
- ✓ Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs
- ✓ Íbúar og íbúðir
- ✓ Landbúnaður
- ✓ Landsskipulagsstefna
- ✓ Opin svæði, útivist og íþróttir
- ✓ Samgöngur, vegir og stígar
- ✓ Sjálfbær þróun
- ✓ Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis
- ✓ Stakar framkvæmdir
- ✓ Varúðarsvæði og náttúruvá
- ✓ Veitur og fjarskipti
- ✓ Verndar- og orkunýtingaráætlun
- ✓ Vernd vatns, náttúru- og menningarminja
- ✓ Verslun og önnur þjónusta
- ✓ Þéttbýli

Að auki getur sveitarstjórn sett fram stefnu í aðalskipulagi um önnur málefni sem varða þróun sveitarfélagsins.

3.2 Virði skýrrar stefnu

Í aðalskipulagsvinnunni verður leitast við að marka skýra stefnu í náinni samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila. Skýr stefna er mikilvæg fyrir íbúa sem velja sér búsetu og vilja geta treyst á að ákveðnum gæðum verði viðhaldið. Skýr stefna sveitarfélagsins getur einnig haft afgerandi áhrif á val fyrirtækja um uppbyggingu og veitt mikilvægt öryggi fyrir fjárfesta.

Aðalskipulaginu er ætlað að nýtast sem virkt stjórntæki við ákvarðanir og áætlanagerð sveitarfélagsins um uppbyggingu, nýtingu og hverskonar ráðstöfun lands.

3.3 Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur

Suðurnesjabær leggur til sérstakar áherslur inn í aðalskipulagsgerðina, auk þeirra meginviðfangsefna sem fjalla skal um í aðalskipulagi samkvæmt skipulagsreglugerð. Áherslurnar eru eftirfarandi:

- **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.** Fjallað verði um heimsmarkmiðin og þau innleidd og samþætt inn í stefnu aðalskipulagsins, sbr. áherslur Samráðsvettvangs sveitarfélaga á Suðurnesjum, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum um heimsmarkmiðin.
- **Skipulag þéttbýlisstaðanna í Suðurnesjabæ.** Að fjallað verði um þróunarmöguleika þéttbýlisstaðanna í Garði og Sandgerði, uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis og ný uppbyggingarsvæði. Sérstaklega verði skoðaðir valkostir um aukin gæði byggðar, sjálfbærni daglegs lífs íbúa og tengsl milli þéttbýlisstaðanna. Einnig með hvaða hætti fella má nýja byggð að því sem fyrir er, með virðingu fyrir sögunni. Staðsetning og fyrirkomulag nýrrar uppbyggingar og þjónustu styrki bæjarbrag og þá starfsemi og samfélag sem fyrir er.
- **Skipulag dreifbýlis í Suðurnesjabæ.** Sérstaklega verði fjallað um skipulag strandlengjunnar í sveitarfélaginu, varðveislu hennar með tilliti til einstaks lífríkis og búsetulandslags.

- **Heilsa og velferð íbúa.** Fjallað verði um með hvaða hætti skipulag, svo sem fyrirkomulag byggðar og opin svæði, geti stuðlað að bættri lýðheilsu og velferð íbúa Suðurnesjabæjar. Skipulag sem hvetur til hreyfingar og heilsuefningar, svo sem skipulag göngu- og hjólastíga.
- **Uppbygging í nágrenni við Keflavíkurflugvöll.** Fjallað verði um landnotkun og uppbyggingu í nágrenni við flugvallasvæðið, í samræmi við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar og áform þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, Kadeco. Einnig tengingar flugvallasvæðisins við hafnaraðstöðu og önnur atvinnusvæði í Suðurnesjabæ og nærliggjandi sveitarfélögum í samráði við svæðisskipulagsnefnd.
- **Skipulag lágsvæða.** Að skoðaðir verði valkostir um skipulag byggðar með tilliti til hættu af völdum sjávarflóða og uppbyggingu sjóvarna í samstarfi við Vegagerðina. Sérstök greining verði gerð á þörf fyrir uppbyggingu varnavirkja, svo og útfærslu byggðar með tilliti til mögulegra hækkunar sjávaryfirborðs.
- **Ferðapjónusta.** Að fjallað verði í skipulagi um uppbyggingu atvinnugreinarinnar með hliðsjón af áfangastaðaáætlun Reykjaness og áskorunum sem við blasa og uppbyggingu greinarinnar til skamms og lengri tíma litið. Byggt verði á styrkleikum svæðisins, ímynd og staðaranda og byggðir upp sterkir seglar. Einnig verndun svæða, uppbyggingu innviða og aðgengi að fjölförnum ferðamannastöðum. Sérstaklega verði hugað að upplifun og að búa til áhugaverðar hringleiðir fyrir ferðamenn í Suðurnesjabæ.
- **Vatnsvernd.** Skoðaðir verði valkostir um öflun neysluvatns og vatnsvernd í samráði við svæðisskipulagsnefnd, nærliggjandi sveitarfélög og stofnanir. Skoðaðir verði valkostir um öflun neysluvatns, m.a. m.t.t. náttúruvár.
- **Reiðvegir.** Fjallað verði um uppbyggingu reiðleiðakerfis innan Suðurnesjabæjar sem tengist reiðvegakerfi í nærliggjandi sveitarfélögum.

- **Skógrækt.** Fjallað verði um styrkingu gróðurs og skógrækt í Suðurnesjabæ, með það að markmiði að auka skjólmyndun og lífsgæði íbúa.
- **Frárennismál.** Fjallað verði um frárennismál, m.t.t. áætlunar um úrbætur í fráveitumálum í sveitarfélaginu.
- **Verndun byggðar og minningarminja.** Í aðalskipulagi verði fjallað um hvernig viðhalda megi menningarminjum, sögulegu byggðamynstri, yfirbragði byggðar í samræmi við tillögur sveitarfélagsins um verndarsvæði í byggð. Einnig með hvaða hætti megi nýta þennan menningararf til að styrkja staðaranda og ímynd sveitarfélagsins.

3.4 Yfirlit yfir líklegar breytingar á stefnu í aðalskipulagi

Aðalskipulag Suðurnesjabæjar er nýtt aðalskipulag fyrir nýtt sveitarfélag og því um að ræða nýja stefnu í helstu málaflokkum. Nýtt aðalskipulag byggir á gildandi aðalskipulagsáætlunum en hún verður endurskoðuð og sett fram sem heildstæð stefnumótun fyrir Suðurnesjabæ. Í meðfylgjandi töflu (

Tafla 3.1) er greining á þáttum eða stefnu aðalskipulags sem búast má við breytingum, en byggt er á greiningu á forsendum og áherslum bæjarstjórnar inn í gerð aðalskipulags.

Skýringar:

Engin eða óveruleg breyting

Nokkur breyting

Umtalsverð breyting



Tafla 3.1 Líklegar breytingar á stefnu í aðalskipulagi.

Þáttur eða viðfangsefni	Breytingar	Skýringar
Leiðarljós og meginmarkmið		Nýtt aðalskipulag
Forsendur		Farið er yfir allar forsendur aðalskipulags
Íbúðir og íbúðasvæði		Fjallað er um þróunarmöguleika þéttbýlisstaðanna
Nærþjónusta, þjónustu- stofnanir, verslun o.fl.		Fjallað er um nærþjónustu og mögulega uppbyggingu íþróttaaðstöðu
Samgöngur		Fjallað um fjölbreytta ferðamáta
Innviðir - veitur		Vatnsveita og fráveita
Ferðaþjónusta		Stefna um ferðaþjónustu í samræmi við áfangastaðaáætlun
Athafna- og iðnaðarstarfsemi		Umfjöllun og endurskoðun í tengslum við þróun þéttbýlis
Frístundabyggð		Fjallað er t.d. um svæðið milli þéttbýlisstaðanna og við ströndina
Opin svæði		Fjallað er t.d. um svæðið milli þéttbýlisstaðanna og við ströndina
Vatnsvernd, vernd náttúru- og menningarminja		Fjallað um vatnsvernd o.fl.
Hverfisvernd		Fjallað verður um hverfisvernd nýrra svæða
Efnistaka og úrgangsmál		
Óbyggð svæði og vötn		
Náttúruvá		Sjóvarnir og viðbrögð við loftlagsbreytingum
Loftslagsmál		Samþætt inn í stefnu aðalskipulags

4 Umhverfismat aðalskipulagsins

4.1 Matsskylda áætlunarinnar

Endurskoðun aðalskipulaganna í Suðurnesjabæ fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sökum þess að eftirfarandi þrír þættir eiga við um áætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum.
- Áætlunin er undirbúin og/eða samþykkt af stjórnvöldum.
- Áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Áætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, hún verður samþykkt af bæjarstjórn Suðurnesjabæjar og mun marka stefnu um ýmsar framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 í viðaukum 1 og/eða 2.

Hvað er umhverfismat áætlana?

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og *nýta niðurstöður* matsins til að *draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum* þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem *hluta af skipulagsáætlunum* sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

Hvað eru umhverfisþættir?

Umhverfisþættir eru *þættir í umhverfinu* sem skipulagsáætlunin getur *haft áhrif á*. Áhrifin geta verið veruleg eða óveruleg, jákvæð eða neikvæð, tímabundin eða varanleg.

Í lögum um umhverfismat áætlana er *umhverfi skilgreint sem*: Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta.

4.2 Umhverfispættir og áhrifapættir

Áhrifavaldar eða áhrifapættir aðalskipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í töflunni hér að neðan (Tafla 4.1) er vinsun umhverfispáttanna fyrir gerð aðalskipulagsins, þ.e. megin matspættir²⁶ og umhverfispættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val umhverfispáttanna byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og aðrar forsendur sem liggja fyrir við upphaf vinnu við endurskoðun aðalskipulaganna.

Hvað eru umhverfisviðmið og -vísar?

Umhverfisviðmið er nokkurs konar *mælikvarði* fyrir umhverfi og sjálfbæra þróun.

Umhverfisviðmiðin eru þannig sá mælikvarði sem umhverfisáhrif stefnumiðna áætlunarinnar eru *borin saman við*. Þegar metin eru áhrif áætlunar á tiltekna umhverfispætti, er það gert með því að bera áhrifin saman við fyrirfram gefin *umhverfisviðmið* annars vegar og *grunnástand umhverfisins* hins vegar.

Þannig er hægt að taka afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg á umhverfið.

Umhverfisvísir er mælikvarði á *ástand tiltekins umhverfispáttar*. Umhverfisvísar hjálpa til við að lýsa nánar viðkomandi umhverfispætti.

Tafla 4.1 Vinsun umhverfispáttanna. Matspættir og umhverfispættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna endurskoðunar aðalskipulaganna.

Matspáttur	Mikilvægir umhverfispættir ²⁷	Skýringar
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, veðurfar, landslag samfélag og heilbrigði manna	Loftslagsmál og áhrif þeirra. Áhrif af auknum lífsgæðum í samfélaginu. Áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Samfélag, eignir og menningararfleifð	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs og eflingu og nærþjónustu. Aukin samkeppnishæfni sveitarfélagsins og aukin seigla og sveigjanleiki gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
Traustir og hagkvæmir innviðir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, vatn, veðurfar og landslag	Áhrif af uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og búsetuúrræða sem taka mið af þörfum samfélagsins. Áhrif af nýrri byggð og/ eða uppbyggingu á þegar byggðum svæðum. Áhrif af framkvæmdum á nýjum svæðum
Vel menntað og heilbriggt samfélag	Menningararfleifð og landslag, samfélag og heilbrigði manna	Árif af uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu og aðstöðu á fjölförnum stöðum. Áhrif af styrkingu staðaranda og aukinna tengsla við söguna. Áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa. Aukin jöfnuður og jafnrétti

4.3 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 4.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfispætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat áætlana. Umhverfisviðmiðin vísa að einhverju marki til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Að grunni til er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun, auk náttúruverndarlaga og laga um menningarminjar.

Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matspætti sem taka til meginviðfangsefna aðalskipulagsins, sbr. töflu hér að ofan (Tafla 4.1). Lagt verður mat á hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins verður beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna.



Útskálar í Garði.

Tafla 4.2 Umhverfisiðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt verður á í umhverfismati aðalskipulagsins.

Umvhverfisiðmið	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir ²⁸												
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfefið	Landslag
Heilbriggt líferni og vellíðan íbúa Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum m.a. með íþrótt- og félagslífi og útivist. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa	HMS ²⁹ LSK 15-26 ³⁰	Aðgengi að útivist Ásýnd lands Hljóðstig Umferðarslys													
Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi	HMS	Fráveita Vatnsgæði Votlendi Mengun													
Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku Auka hlut endurnýjanlegrar orku og stuðla að bættari orkunýtingu. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum	HMS LSK 15-26 AÁL ³¹	Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Orkuvinnsla Hleðslustöðvar													
Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	HMS-8 LSK 15-26	Hagvöxtur Íbúafjöldi Staða atvinnulífs og fjölbreytni													
Viðnámsþol innviða og nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis	HMS LSK 15-26	Fjarskipti, veitur Umferð, vegflokun Vinnu- og þjónustusókn Raforkuflutningur Þjónustustig og aðgengi að þjónustu													
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðaröryggi og almenningsamgöngur. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs	HMS LSK 15-26	Íbúar og íbúðir Ferðamátar Almennings- samgöngur Umferðarslys Loftgæði Verndarsvæði													

<p>Sjálfbær neysla og framleiðsluáðferðir Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Styðja við hringrásarhagkerfið</p>	HMS	Úrgangs- meðhöndlun Endurvinnsla															
<p>Loflagsbreytingar og áhrif þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum</p>	HMS AÁL ³² LSK 15-26	Binding kolefnis Losun kolefnis Hækkun sjávarborðs Áhætta vegna sjávarflóða															
<p>Umhverfi hafsins og auðlindir þess Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum strandsvæða</p>	HMS	Ástand sjávar og strandsvæða Verndarsvæði Mengun															
<p>Vistkerfi á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnáms og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni</p>	HMS-15 Lög um náttúru- vernd ³³	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Votlendi Landbúnaðarland Fuglalíf Verndarsvæði															
<p>Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, víðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum</p>	LSK 15-26 Lög um náttúru- vernd og menningar- minjar ³⁴ VTF ³⁵ MSM ³⁶	Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Náttúruminjar Menningarminjar Fornleifaskráning Röskun lands															

4.4 Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

Við umhverfismat aðalskipulagsins verður stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu. Þá verður einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Unnin verður umhverfisskýrsla samhliða skipulagsgerðinni, þar sem greint verður frá mögulegum umhverfisáhrifum af stefnu aðalskipulagsins. Framsetning umhverfismats verður í formi matstafla og/eða texta. Lögð verður fram tillaga að aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar³⁷ og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér til hliðar (Tafla 4.3).

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu í aðalskipulagi styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar verða matsspurningar til að greina hvort stefnan í aðalskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

Tafla 4.3 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

4.5 Stefnukostir

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í aðalskipulaginu eru skilgreindir megin valkostir um stefnu með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar. Ekki liggur fyrir nú hvaða valkosti er raunhæft að meta, þar sem viðfangsefnin liggja ekki fyrir að öllu leyti. Almennt séð geta valkostir í aðalskipulagi tekið til ákveðins landsvæðis, málaflokks eða viðfangsefnis, t.d. ákveðinnar framkvæmdar.

Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir gætu eftirfarandi viðfangsefni komið til skoðunar í umhverfismatinu í tengslum við gerð aðalskipulagsins:

- **Núll-kostur.** Í umfjöllun um núll-kost verður gerð grein fyrir grunnástandi umhverfispáttá og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýs aðalskipulags Suðurnesjabæjar.
- **Vöxtur þéttbýlis.** Í tengslum við gerð aðalskipulagsins kemur til álita að skoða valkosti um þróun þéttbýlisins, það er hvert beina skuli uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.
- **Uppbygging ferðaþjónustu.** Um væri að ræða að greina valkosti um eðli og umfang uppbyggingar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, svo sem í samhengi við áfangastaðaáætlun og aðra stefnu sveitarfélagsins.
- **Skipulag lágsvæða.** Um væri að ræða að greina valkosti um eðli og umfang sjóvarna, svo og annarra skipulagsaðgerða sem hægt er að grípa til í því sambandi.

Hvað eru stefnukostir?

Stefnukostir eru þeir *valkostir* sem ákveðið er að taka afstöðu til í umhverfismati áætlunar. Þeir eru þannig *bornir saman* í umhverfismatinu m.t.t. áhrifa þeirra á umhverfið og mat lagt á hvaða valkostur hefur minnstu óæskilegu áhrifin á umhverfið en stuðlar best að jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar sem eru umhverfi, samfélag og efnahagur.


5 Skipulagsferlið

Í þessum kafla er gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð aðalskipulagsins. Öll umgjörð vinnunnar miðar að því að ferlið sé opið og aðgengilegt og að reglulega sé leitað eftir ábendingum og hugmyndum íbúa og hagsmunaaðila.

að aðalskipulagstillagan verði auglýst í febrúar og mars 2022 og að aðalskipulagið taki gildi í maí eða júní á því ári, sjá meðfylgjandi mynd.

5.1 Tímaáætlun verkefnis

Tímaáætlun miðast við að skipulags- og matslýsing verði kynnt í mars 2021 og vinnslutillaga aðalskipulagsins verði kynnt í nóvember sama ár. Áætlað er



5.2 Ferlið við gerð aðalskipulagsins og áætlun um kynningu og samráð

Í skipulagslögum og skipulagsreglugerð er tilgreint hvernig standa skal að gerð aðalskipulags, svo og kynningu og samráði.

Helstu vörður í ferlinu

- **17. febrúar 2021.** Lýsingin er afgreidd til kynningar í framkvæmda- og skipulagsráði.
- **3. mars 2021.** Lýsingin er afgreidd til kynningar í bæjarstjórn.
- **Mars 2021.** Kynning lýsingar. Íbúafundur vegna vinnu við aðalskipulag á kynningartímanum.
- **30. apríl 2021.** Framkomnar athugasemdir við lýsingu birtar á vef Suðurnesjabæjar.
- **6.-13. október 2021.** Framkvæmda- og skipulagsráð og bæjarstjórn afgreiða vinnslutillögu aðalskipulags til kynningar.
- **1.-22. nóvember 2021.** Kynning á vinnslutillögu aðalskipulags. Á kynningartímanum er opinn kynningarfundur.
- **1.-8. desember 2021.** Vinnslutillagan er lögð fyrir framkvæmda- og skipulagsráð og bæjarstjórn til afgreiðslu.
- **29. desember 2021.** Framkomnar athugasemdir og ábendingar við vinnslutillögu birtar á vef Suðurnesjabæjar.
- **14. mars – 25. apríl 2022.** Aðalskipulagstillagan auglýst sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga. Opinn kynningarfundur á kynningartímanum.
- **16. maí 2022.** Greinargerð um umsagnir og athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu birt á vef Suðurnesjabæjar.
- **Maí 2022.** Framkvæmda- og skipulagsráð sendir aðalskipulagið til samþykktar í bæjarstjórn og að lokum til staðfestingar Skipulagsstofnunar.



Suðurnesjabær.

Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing

Í upphafi skipulagsvinnunnar er tekin saman skipulagslýsing, þ.e. yfirlit sem lýsir áherslum sveitarfélagsins við endurskoðun aðalskipulaganna auk upplýsinga um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Í lýsingu er jafnframt gerð grein fyrir skipulagsferlinu og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni, svo sem kynningu og samráði.

Í tengslum við gerð lýsingar eru skipulagsforsendur og umhverfisaðstæður metnar. Greind eru tengsl aðalskipulagsins við aðrar áætlanir, svo sem landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Lýsingin er samþykkt í bæjarstjórn og auglýst í kjölfarið. Hún er einnig kynnt opinberlega og íbúar og hagsmunaaðilar fá tækifæri til að koma ábendingum á framfæri við sveitarfélagið. Skipulags- og matslýsingin er send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Einnig er sérstök vinnustofa í tengslum við kynninguna þar sem safnað er hugmyndum inn í skipulagsvinnuna. Auk þess er settur upp sérstakur ábendinga-/hugmyndavefur þar sem hægt er að koma á framfæri hugmyndum í gegnum vefinn.

Samráð og samskipti vegna skipulagslýsingar, vinnsla og auglýsingar

Viðfangsefni	Aðilar	Hvernig	Tími
Áherslur bæjarstjórnar	Bæjarstjórn, framkvæmda- og skipulagsráð, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs	Vinnufundur með ráðgjafa um forsendur og áherslur fyrir skipulagsgerðina. Niðurstaða funda skjalfest á minnisblaði og í fundargerð	Jan. og feb. 2021
Kynning skipulagslýsingar	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar. Skipulagsstofnun og aðrir umsagnaraðilar	Lýsingin er auglýst í fjölmiðlum og á vef Suðurnesjabæjar. Umsagnarbeiðni er send til stofnana. Haldinn er íbúafundur þar sem lýsingin og helstu áherslur bæjarstjórnar í nýju aðalskipulagi eru til kynningar	Mars 2021
Hugmynda- og greiningarvinna	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar	Í tengslum við íbúafund vegna lýsingar er haldin vinnusmiðja þar sem safnað er hugmyndum fyrir aðalskipulagsgerðina. Einnig samráðsvinna í gegnum vefinn. Framkomnar hugmyndir varðveittar af ráðgjafa	Mars 2021
Athugasemdir við skipulagslýsingu	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar	Framkomnar athugasemdir teknar saman og birtar á vef Suðurnesjabæjar	Apríl 2021
Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Verkefnisstjórn	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar og ráðgjafa. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Jan. til apríl 2021

Mótun vinnslutillögu aðalskipulags og úrvinnsla samráðs

Unnin eru vinnsludrög aðalskipulags í samræmi við skipulagslýsingu og með hliðsjón af þeim ábendingum sem borist hafa frá íbúum, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum á fyrri stigum. Við gerð aðalskipulagstillögunnar eru umhverfisáhrif metin og niðurstöður umhverfismatsins nýttar við endanlega mótun skipulagstillögunnar. Tillaga er unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila og er vinnslutillaga aðalskipulagsins kynnt opinberlega (fyrir auglýsingu). Vinnslutillaga að aðalskipulagi er kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt á vinnslustigi, þ.e. áður en tillagan er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn. Vinnslutillagan er einnig kynnt sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, svæðisskipulagsnefnd, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og öðrum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins. Safnað er saman öllum ábendingum og athugasemdum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum við tillöguna til úrvinnslu.

Samráð og samskipti vegna mótunar vinnslutillögu aðalskipulags

Viðfangsefni	Aðilar	Hvernig	Tími
Gerð vinnslutillögu	Stofnanir, nágrannasveitarfélag, svæðisskipulagsnefnd, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar o.fl.	Við gerð vinnslutillögunnar er haft samráð við stofnanir og fleiri aðila, eftir því sem þörf er á, um afmarkaða þætti í útfærslu skipulagsins og samræmingu skipulagsmála á svæðinu	Apríl til nóv. 2021
Kynning vinnslutillögu	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar	Vinnslutillagan er kynnt á íbúafundi, á vef og eftir því sem við á, á skrifstofu sveitarfélagsins. Safnað er saman ábendingum og athugasemdum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum við tillöguna	Nóv. 2021
Athugasemdir við vinnslutillögu	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar	Framkomnar athugasemdir og ábendingar við vinnslutillögu eru teknar saman og birtar á vef Suðurnesjabæjar	Des. 2021
Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Verkefnisstjórn	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar og ráðgjafa. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Apríl til des. 2021

Auglýsing, afgreiðsla og staðfesting aðalskipulags

Þegar endanleg tillaga að aðalskipulagi liggur fyrir af hálfu bæjarstjórnar er hún formlega auglýst til kynningar og þá gefst almenningi kostur á að koma skriflegum athugasemdum á framfæri. Tillagan er auglýst með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Hún er einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu. Í auglýsingu er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir innan ákveðins frests sem er sex vikur frá birtingu auglýsingar.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn er unnið úr framkomnum athugasemdum og umsögnum og gengið frá endanlegu aðalskipulagi. Framkvæmda- og skipulagsnefnd tekur afstöðu til athugasemda og umsagna og sendir aðalskipulagið til lokasamþykktar í bæjarstjórn. Aðalskipulagið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

Samráð og samskipti vegna samþykkt tillögu til auglýsingar, yfirferð Skipulagsstofnunar og afgreiðslu

Viðfangsefni	Aðilar	Hvernig	Tími
Frágangur tillögu	Stofnanir o.fl.	Við frágang skipulagstillögunnar er haft samráð við stofnanir og fleiri aðila, eftir því sem þörf er á	Des. 2021 til mars 2022
Afgreiðsla bæjarstjórnar á tillögu fyrir auglýsingu	Bæjarstjórn, framkvæmda- og skipulagsráð, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs	Aðalskipulagstillagan lögð fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu	Des. 2021
Athugun Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu tillögu	Skipulagsstofnun	Skipulagstillagan er send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga	Des. 2021
Auglýsing aðalskipulagstillögu	Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar. Umsagnaraðilar	Aðalskipulagstillagan auglýst sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og send umsagnaraðilum, 6. vikna kynningartími. Haldinn er íbúafundur þar sem auglýst tillaga verður kynnt á íbúafundi	Mars til apríl 2022
Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum	Framkvæmda- og skipulagsráð, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs	Greinargerð þar sem athugasemdum og umsögnum er svarað með rökstuðningi og gerð grein fyrir því hvaða breytingar eru gerðar á skipulagsgögnum eftir auglýsingu aðalskipulagstillögunnar. Greinargerðin birt á vef Suðurnesjabæjar	Apríl til maí 2022

Samráð og samskipti vegna samþykkt tillögu til auglýsingar, yfirferð Skipulagsstofnunar og afgreiðslu, frh.


Viðfangsefni	Aðilar	Hvernig	Tími
Staðafesting aðalskipulags	Bæjarstjórn, Skipulagsstofnun	Framkvæmda- og skipulagsráð sendir aðalskipulagið til samþykktar í bæjarstjórn og að lokum til staðfestingar Skipulagsstofnunar	Maí 2022
Verkefnisstjórnun og framvinda verkefnis	Verkefnisstjórn	Reglubundnir fundir verkefnisstjórnar og ráðgjafa. Niðurstaða funda skjalfest í sameiginlegri fundargerð	Des. 2021 til maí 2022



Í Sandgerði.

6 Ábyrgðar- og samráðsaðilar við gerð aðalskipulags

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar ber ábyrgð á gerð aðalskipulagsins, en framkvæmda- og skipulagsráð fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Fjölmargir aðrir aðilar koma að skipulagsgerðinni og lögð er áhersla á að allar upplýsingar séu aðgengilegar og ferlið sé gegnsætt. Leitað verður áhlits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.



6.1 Bæjarstjórn og framkvæmda- og skipulagsráð

Framkvæmda- og skipulagsráð, bæjarstjóri, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og skipulagsráðgjafar koma með beinum hætti að aðalskipulagsvinnunni. Bæjarstjórn og framkvæmda- og skipulagsráð fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til.

6.2 Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er skipuð formanni framkvæmda- og skipulagsráðs, bæjarstjóra og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs. Ráðgjafar frá Verkís vinna með verkefnisstjórninni og sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs er tengiliður ráðgjafa við Suðurnesjabæ.

6.3 Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila

Rík áhersla er lögð á aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Mikilvægt er að hafa allt ferlið opið og gegnsætt og að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar verði upplýstir um gang mála. Áhersla verður lögð á beina þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulagstillögunnar. Markmiðið er að afla sem bestra gagna og gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Til að ná þessu markmiði verða m.a. nýttar eftirfarandi leiðir:

- **Kynningar- og samráðsfundir.** Fundað verður með íbúum, félagasamtökum og atvinnulífinu eftir því sem við á. Hér er bæði átt við opna íbúafundi en einnig verða aðilar mögulega boðaðir til vinnufunda í smærri hópum um afmörkuð viðfangsefni.
- **Vefur Suðurnesjabæjar.** Þar verða ýmsar upplýsingar um skipulagsferlið aðgengilegar. Jafnframt verður upplýsingum miðlað á Fésbókarsíðu Suðurnesjabæjar.
- **Betri Suðurnesjabær.** Vefurinn verður nýttur til að safna ábendingum og hugmyndum inn í vinnu við gerð aðalskipulagsins.
- **Dreifibréf** sent í hús til kynningar á skipulagsvinnunni.
- **Staðarblöð á Suðurnesjum.** Auglýsingar verða birtar, svo sem um kynningarfundir.

6.4 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Leitað er umsagnar á tveimur stigum, annars vegar vegna lýsingarinnar og hins vegar þegar vinnslutillaga er kynnt. Að auki munu umsagnaraðilar fá ábendingu um auglýsingu aðalskipulagsins. Umsagnaraðilar eru eftirfarandi:

- **Opinberar stofnanir**
 - Skipulagsstofnun
 - Umhverfisstofnun
 - Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
 - Minjastofnun Íslands
 - Vegagerðin
 - Veðurstofa Íslands
 - Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Ferðamálastofa
 - Orkustofnun
 - Skógræktin
 - Landgræðslan
 - Kirkjugarðaráð
 - Samgöngustofa
 - Póst- og Fjarskiptastofnun
 - Hafrannsóknarstofnun/Fiskistofa
 - Landsnet
 - Landhelgisgæslan

- **Opinber fyrirtæki**
 - Kadeco, þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
 - HS veitur
 - Míla
 - Isavia
 - Reykjaneshöfn
- **Nærliggjandi sveitarfélög og samtök þeirra**
 - Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)
 - Reykjanesbær
 - Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
 - Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

6.5 Upplýsingar til annarra aðila um skipulagsgerðina

Fjölmargir aðilar verða upplýstir um gerð aðalskipulagsins þegar skipulagslýsingin verður kynnt. Það á einnig við um kynningu vinnslutillögu og auglýsingu tillögu.

Tilvitnanir og heimildir

¹Kadeco þróunarfélag Keflavíkurflugvallar. 2021. Alþjóðleg samkeppni. Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.kadeco.is/>

²Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

³Alþingi. 2020. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.althingi.is/>

⁴Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Náttúruminjaskrá. Desember 2020. Sótt 27. janúar 2021 af <https://natturuminjaskra.ni.is/>

⁵Alþingi. 2018. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.althingi.is/>

⁶Alþingi. 2018. Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.althingi.is/>

⁷Landsnet. 2020. Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029. Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.landsnet.is/>

⁸Umhverfisstofnun. 2021. Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022- 2027. Drög til kynningar. Sótt 27. janúar 2021 af <https://ust.is/>

⁹Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. 2020. Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024. Sótt 20. janúar 2021 af <https://sss.is/>

¹⁰Markaðsstofa Reykjaness. 2019. Áfangsstaðurinn Reykjanes 2018-2021; Þróun ferðamála í sátt við náttúru og samfélag. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/>

¹¹Reykjanes Geopark. 2021. Reykjanes Geopark; Um okkur. Sótt 20. janúar 2021 af <http://www.reykjanesgeopark.is/is>

¹²Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Náttúruminjaskrá. Desember 2020. Sótt 27. janúar 2021 af <https://natturuminjaskra.ni.is/>

¹³Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Mikilvæg fuglasvæði. Rosmhvalanes. Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.ni.is/node/14446>

¹⁴Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Jarðfræðikort. Sótt 27. janúar 2021 af <https://jardfraedikort.ni.is/>

¹⁵Veðurstofa Íslands. 2020. Veðurfarskort. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.vedur.is>

¹⁶Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

¹⁷Skipulagsstofnun. 2019. *Lýsing fyrir gerð landsskipulagsstefnu; Loftslag, landslag, lýðheilsa. Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026.* Sótt 4. febrúar 2021 af <https://www.landsskipulag.is>

¹⁸Hagstofa Íslands. 2021. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2020 - Sveitarfélagaskipan hvers árs. Sótt 27. janúar 2021 af <https://hagstofa.is/>

¹⁹Suðurnesjabær. 2019. *Útgarður. Verndarsvæði í byggð. Tillaga í október 2019. Greinargerð.* Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

²⁰Suðurnesjabær. 2019. *Útgarður. Verndarsvæði í byggð. Tillaga í október 2019. Greinargerð.* Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

²¹Suðurnesjabær. 2019. Krókskotstún – Landakotstún Sandgerði. *Verndarsvæði í byggð. Tillaga. Greinargerð.* Nóvember 2018. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

²²Suðurnesjabær. 2019. Krókskotstún – Landakotstún Sandgerði. *Verndarsvæði í byggð. Tillaga. Greinargerð.* Nóvember 2018. Sótt 20. janúar 2021 af <https://www.sudurnesjabaer.is/>

²³Vinnumálastofnun. 2021. Atvinnuleysi – Tölulegar upplýsingar. Nánari greining sveitarfélaga í landinu. Sótt. 12. febrúar 2021 af <https://vinnumalastofnun.is/>

²⁴Hagstofa Íslands. 2021. Gistinætur. Sótt 27. janúar 2021 af <https://hagstofa.is/>

²⁵Vegagerðin. 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð. Sótt 2. febrúar 2021 af <https://www.vegagerdin.is/>

²⁶Matsþættir taka mið af megin viðfangsefnum við gerð aðalskipulags Suðurnesjabæjar.

²⁷Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

²⁸Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

²⁹Stjórnarráð Íslands. 2020. Heimsmarkmiðin. Sótt 20. janúar 2021 af <http://heimsmarkmidin.is/>

³⁰Skipulagsstofnun. 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*. Sótt 4. febrúar 2021 af <http://www.landsskipulag.is/>

³¹Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

³²Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 27. janúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

³³Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

³⁴Lög um minningarmínjar nr. 80/2012

³⁵Umhverfisráðuneytið. 2010. *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013*. Sótt 4. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

³⁶Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 4. febrúar 2021 af <https://www.stjornarradid.is/>

³⁷Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana*. Sótt 14. janúar 2021 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.